



Ársskýrsla Beta-deildar 2005–2006

Stjórn deildarinnar skipa:

Halldóra Haraldsdóttir formaður

María Steingrímsdóttir varaformaður

Magna Guðmundsdóttir ritari

Selma Hauksdóttir meðstjórnandi

Jóhanna Þorsteinsdóttir gjaldkeri.

Með stjórninni starfar fráfarandi formaður Anna Þóra Baldursdóttir.

Þetta er síðara ár sitjandi stjórnar og mun hún skila af sér til nýrrar stjórnar í lok júní.

Á starfsárinu voru haldnir sjö fundir.

Á haustfundi Betadeildar 2004 voru lögð drög að starfsáætlun deildarinnar til tveggja ára. Áætlunin fyrir starfsárið 2005 – 2006 fól í sér þrjú megin viðfangsefni þ.e.

að styrkja okkur sjálfar

að efla samkennd í hópnum

að auka þekkingu okkar á grenndarsamfélaginu einkum í tengslum við störf kvenna.

Útfærsla þessara viðfangsefna var síðan ákveðin á þann hátt

að á hverjum félagsfundi færi fram kynning á konum á Eyjafjarðarsvæðinu sem hefðu látið að sér kveða.

Sjálfsstyrking færi fram með ólíkum hætti í öllu okkar starfi. Við skilgreindum hugtakið sjálfsstyrkingu nokkuð vítt eða þannig að allt sem hefur jákvæð áhrif á okkur til líkama og sálar hvort heldur á einstaklingsgrunni eða sem hóps væri styrking. Sjálfsstyrking í félagsstarfinu fólst í því að virkja félagskonur á fundum, í nefndum, við öflun og flutning þekkingar, við lestur bóka og kynningu á þeim, við nánari rýni og umfjöllun valdra bóka en auk þessa var einn fundur sérstaklega tileinkaður sjálfsstyrkingu og fengum við sérfræðing til þess að vinna með okkur. Einnig má segja að tengslatríoín sem stofnað var til á síðastliðnu starfsári hafi átt hlut í sjálfsstyrkingu þar sem markmið þeirra er að skerpa tengsl á milli kvenna, virkja þær og hvetja til þátttöku á fundum.

Fyrsti deildarfundur var haldinn laugardaginn 17. september með menningarferð um Eyjafjörð. Bragi Guðmundsson, dósent við kennaradeild HA, var leiðsögumaður okkar. Bragi lagði megin áherslu á sögu og menningarsetur við innanverðan Eyjafjörð og ekki síst þar sem konur áttu hlut að máli.

Meginviðfangsefni fundar þann 18. október var kynning Maríu Steingrímsdóttur á rannsókn sem hún vann í tengslum við mastersverkefni sitt. Erindið nefndi hún *“Reynsla og líðan nýbrautskráðra kennara”*. María lýsti upplifunum kennara af starfinu á fyrsta ári, m.a. móttöku, stuðningi og ábyrgð auk hugmynda um það sem betur má fara þessu tengt.

Nóvemberfundur var haldinn í fyrstu viku í aðventu eða 29. nóvember og var jólafundur. Megin umfjöllun á þessum fundi var *jólahefðir í öðru menningarsamfélagi* og fengum við í heimsókn Triinu Kusmík sem sagði frá hefðum í sínu heimalandi, Eistlandi. Á þessum fundi var tekinn inn nýr félagi í deildina;

Guðrún Björnsdóttir. Á jólafundi hefur skapast hefð fyrir sameiginlegri jólamáltíð, að þessu sinni glæsilegt jólahlaðborð að vanda.

Þann 12 janúar var haldinn hinn hefðbundni bókafundur. Allar fundarkonur kynntu áhugaverðar bækur. Fjöldi bóka var kynntur og bókalistinn skráður og gefur hann yfirsýn yfir bækur úr öllum flokkum bókmenntanna. Á þessum fundi lögðu allar eitthvað á borð með sér þannig að dýrindis jólakökuhlaðborð varð til rétt eins og naglasúpan forðum daga.

Fundur deildarinnar þann 15. febrúar hófst á því að Helga Thorlacius og Jóhanna Þorsteinsdóttir kynntu *Kristínu Sigfúsdóttur* undir dagskrárliðnum *merkar konur á Eyjafjarðarsvæðinu*, þær greindu frá lífsferli Kristínar og lásu ljóð eftir hana. Að öðru leyti var fundurinn sérstaklega helgaður sjálfstyrkingu. Guðbjörg Ingimundardóttir mætti á fundinn og vann með okkur, viðfangsefnið var

Styrkleikar okkar - Vörðurnar í lífinu.

Að læra að spegla sig í eigin umhverfi t.d. með samstarfsfólki, fjölskyldu

Hvernig endurnýjum við starfsorkuna okkar?

Við byrjuðum á því að rýna í bakgrunn okkar með því að teikna eða gera okkur mynd hver fyrir sig af vörðunum í lífi okkar eða atvikum og persónum sem hafa haft áhrif á það hverjar við erum í dag. Síðan greindi hver og ein frá sinni sögu. Svo mikil var frásagnargleðin að ekki tókst að ljúka á þessum fundi og var því haldið áfram með efnið á marsfundi en síðari liður viðfangsefnisins bíður betri tíma.

Leshringur var viðfangsefni fundar þann 27. mars. Markmiðið var að styrkja okkur sjálfar í greinandi umfjöllun um bækur. Tvær bækur höfðu verið valdar til lestrar þ.e. *Karitas* eftir Kristínu Marju Baldursdóttur og *Hulduslóð* eftir Lisu Marklund. Niðurstaðan varð hins vegar sú að önnur bókin var rædd þ.e. *Karitas* þar sem svo mikill meirihluti hafði kosið umfjöllun um hana.

Lokafundur sem jafnframt er aðalfundur fór fram þann 12 maí, þá hefur uppstillinganefnd lokið störfum og kosin ný stjórn. Auk hefðbundinna fundarstarfa er hugleiðing tengd vori og sýnt myndrænt yfirlit um starf ársins. Vorfundur er hin besta hópefning. Eftir fundastörf gerum við okkar glaðan dag með góðum mat, drykk og umræðu um konur og öll heimsins málefni.

Auk viðfangsefna sem þegar hafa verið talin upp höfum við aflað fjár á hefðbundinn hátt í formi happadrættis þar sem safnast í eigin sjóð m.a. til styrktar Betasystrum á hin ýmsu þing samtakanna. Í vetur eins og sl. vetur hefur lítill pyngja gengið á milli kvenna á fundum í þeim tilgangi að safna fé til styrktar stúlkum í Afríku. Að vorfundi loknum verður UNICEF færður sjóðurinn.

Það er óhætt að halda því fram að mikil virkni er í Betadeild, vel hefur verið mætt á fundi. Áhersla er lögð á að virkja allar konur með einum eða öðrum hætti í vetrarstarfinu ýmist á fundum eða í nefndum. Til viðbótar við starfandi nefndir var gagnanefnd er gagnanefnd að störfum, í henni sitja Margrét Albertsdóttir, Ragnheiður Stefánsdóttir og Anna Jóhannesdóttir. Eygló Björnsdóttir var kjörin til þess að hafa umsjón með heimasíðu deildarinnar og í uppstillinganefnd unnu Ragnheiður Stefánsdóttir og Þórunn Bergsdóttir. Betadeild á fulltrúa í landssambandinu; Rósa Kr Júlíusdóttir situr í stjórn sem fráfari landssambandsforseti, Helga Thorlacius er ritari landssambandsins, Anna Þóra Baldursdóttir er 2. varaforseti landssambandsins, hún er formaður námsstyrkjasjóðs sambandsins og situr einnig í alþjóðanefnd Educator's Award Committee.

Fleira segir ekki af störfum Betadeildar þetta starfsár

Fyrir hönd Betadeildar
Halldóra Haraldsdóttir formaður.